

# Norðfirðingur



3. tbl. 35. árg

www.nordfirdingafelagid.is

2009

## Munið !

### Miðbæjarganga

19. september n.k.  
Leiðsögn: Guðjón  
Friðriksson.

Gengið frá Hall-  
grímskirkju kl. 10:30.

### Tónlistarkvöld

Kringlukráin  
10. október n.k.

### Meningarkvöld

Fella- og Hólakirkja  
19. nóvember n.k.  
Nánar auglýst síðar

### Bænastund

Fella- og Hólakirkja.  
20. desember n.k.  
Sr. Svavar Stefánsson  
flytur hugvekjú.

## Í fréttabréfinu Bls.

Frá stjórn	2
Útýsnisskífan	2
Leohundur.is	2
Tónlistarkvöld	3
Eftirlýst	3
Dagatalið	3
Norðfirsk tónskáld	3
Tilkynningar	4

## Sjómannadagskaffið vel sótt !

Það voru tæplega 100 manns sem mættu á sjómannadagskaffi Norðfirðingafélagsins þann 7. júní sl sem haldið var á Kaffi Reykjavík. Mæting hefur aldrei verið betri og er stjórn félagsins ákaflega þakklát fyrir þessa góðu þáttöku.

Harmonikkuleikarinn Þorvaldur Jónsson, sem er að ætt og uppruna frá Héraði, spilaði létt harmonikkulög.

Það er von okkar að Sjómannadagskaffið verði áfram árviss viðburður í starfsemi félagsins.



Hluti af "Lávarðadeild Norðfirðingafélagsins", f.v. Svavar Lárusson, Jón Karlsson og Birgir D. Sveinsson mættu hressir að vanda á samkomu Norðfirðingafélagsins.

## Í góðu veðri við Vífilstaðavatn

Vorganga Norðfirðingafélagsins var farin þann 16. maí sl og gengið í kringum Vífilstaðavatn. Hrafnkell Helgason fyrrverandi yfirlæknir að Vífilsstöðum var leiðsögumaður en það voru tæplega 40 félagar í Norðfirðingfélaginu sem gengu í einstaklega góðu veðri. Leiðsögn Hrafnkels var lifleg og ekki spillti að hann tengdi sögu staðarins og sjúkrahússins nokkuð við einstaklinga frá Norðfirði, sem göngufólk kannaðist vel við. Tenging hans sjálfs við Norðfjörð er nokkur en tengdasonur hans er í stjórn Norðfirðingafélagsins.

Eftir gönguna bauð Elín Guðmundardóttir fyrrverandi formaður félagsins, göngufólkinu heim í garð til sín sem margir þáðu. Elín er frá Dagsbrún á Norðfirði. Í garðinum hjá Elínu voru málín áfram rædd á norðfirsku vísu. Norðfirðingafélagið þakkar Hrafnkeli kærlega fyrir góða leiðsögn og Elínu fyrir gott heimboð sem var ánægjulegt framhald og góður endir á góðri göngu.



F.v. Hrafnkell Helgason, Svavar Lárusson og Tómas Símonarson.



F.v. Helgi Geir Valdimarsson, Kolbeinn Arason og kona hans Hrafnhildur Anna Hallgrímsdóttir og Gísli Garðarsson.





Gísli Gíslason

### Miðbæjargangan.

Norðfirðingafélagið stendur fyrir göngu í miðbæ Reykjavíkur þann 19. september n.k. Gengið verður frá Hallgrímskirkju kl. 10.30 f.h.

Leiðsögumaður verður Guðjón Friðriksson sagnfræðingur en hann þekkir vel sögu miðbæjarins.

Fjölmennum og tókum með hressa norðfirsku lund.

**Stjórnin**

[www.leohundur.is](http://www.leohundur.is)

Á öld ljósvakans, eru margir sem halda úti blogg eða vefsíðum og hálf þjóðin er skráð á Facebook. Það er óhætt að segja að netið bætir allt upplýsingaflæði. Norðfirðingafélagið lætur ekki sitt eftir liggja og hefur haldið úti eigin heimasíðu [www.nordfiringafelagid.is](http://www.nordfiringafelagid.is), sem hefur mælst vel fyrir.

Það er vert að nefna heimasíðu Sigurðar Arnfinnssonar á Norðfirði [www.leohundur.is](http://www.leohundur.is). Þar er að finna margar gamlar og nýjar myndir frá Norðfirði og víðar. Hér við hliðina eru nokkrar myndir af síðunni. Það er góð stund að skoða myndir á heimasíðunni [leohundur.is](http://leohundur.is)

## Frá stjórn Norðfirðingafélagsins

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti að heimila Norðfirðingafélaginu að nota gamla bæjarmerki Neskaupstaðar sem félagsmerki. Á forsiðu þessa fréttabréfs er merkið en samkvæmt upplýsingum frá Stefáni Þorleifssyni á Norðfirði þá var þetta merki fyrst notað á Alþingishátíðinni árið 1930, ári eftir að Norðfjörður fékk kaupstaðarréttindin og var það bæjarmerki Neskaupstaðar í hálf á öld eða allar götur frá 1929 til 1979.


Í ár hefði Neskaupstaður átt 80 ára afmæli. Norðfirðingafélagið vill tileinka menningarkvöld félagsins afmæli Neskaupstaðar og er vinnheitið fyrir hátíðina **“80 ára afmæli Neskaupstaðar”**.

Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að viðburðir félagsins hafa verið vel sóttir. Maður er manns gaman og það er alltaf ánægjulegt þegar Norðfirðingar hér syðra og aðrir hittast og eiga góðar stundir. Stjórn félagsins er þakklátt fyrir góða þátttöku. Jafnframt hlökkum við til að hitta hressa Norðfirðinga og aðra á viðburðum félagsins í vetur.

Gísli Gíslason, formaður



Norðfjörður um 2006




Norðfjörður um 1960

## Útsýnisskífa til Norðfjarðar

Norðfirðingafélagið mun á næsta ári ljúka við að koma upp útsýnisskífu “fyrir utan” vitann á Norðfirði. Þar er útsýni suður á bæi, í fjarðarmunna Viðfjarðar og Hellisfjarðar og suður á Búlandið. Jakob Hálfðánarson sem gerir skífuna fór austur í sumar. Ína Gísladóttir og Hálfðán Haraldsson sýndu honum staðinn og voru örnefni skráð niður. Í framhaldinu mun Jakob ljúka við útsýnisskífuna.

Vinna við að hanna undirstöðu undir skífuna er einnig í gangi en Norðfirðingarnir Kolbeinn Arason og Ólafur Hauksson ásamt Tryggva Ólafssyni munu koma með hugmyndir að undirstöðu.

Það er von félagsins að útsýnisskífan verði um ókomna tíð leiðarvísir á örnefni í hinum fallega fjallahring sem umlykur okkar fagra fjörð.



Sýnishorn af útsýnisskífum

## Myndir í eigu Sigurðar Arnfinnssonar



F.v. Anton Lundberg, Stefán Einarsson og Sigurður Jónsson flakarar í frysthúsi SVN 1982



Starfsmenn bílaverkstæðis Dráttarbrautarinnar árið 1963



F.v. Guðmundur Friðriksson og Bjartmar Magnússon heiðraðir á Sjömannadaginn 1986.  
Mynd í eigu Sigurðar Arnfinnssonar



F.v. Hörður Hinriksson frá Framnesi, Magni Kristjánsson frá Sjónarhóli og Halldór Einarsson

## Tónlistarkvöld Norðfirðingafélagsins 10 október n.k

Tónlistar- og pubbakvöld Norðfirðingafélagsins verður haldið á Kringlukuránni þann 10. október og hefst kl. 20.00. Tónlistarkvöldið verður haldið í hliðarsal á Kringlukuránni. Kl. 23.00 verður opnað á milli en á Kringlukuránni verður dansleikur með hljómsveitinni Pops.

Tónlistaratriði auglýst síðar.



F.v. Jón Gunnarsson og Jón Rósmann Mýrdal

## Norðfirðingafélagið lýsir eftir:

### Fundargerðarbók:

Norðfirðingafélagið lýsir eftir fyrstu fundargerðarbók félagsins, sem er frá stofnun 1968 og fram-yfir 1980. Félagið geymir gögn sem tengjast félaginu í Fella- og Hólakirkju. Við hvetjum þá sem voru í stjórn um 1980 til að skoða gaumgæfilega hvort bókin sé einhversstaðar að finna.

### Hver er maðurinn?

Við gerð dagatalsins fyrir árið 2009 var ekki hægt að nafngreina einn mann, sem er legnt til hægri á neðangreindri mynd, sem er mars mynd dagatalsins 2009. Það hefur komið fram staðfastar tilgátur að maðurinn sé Karl Hjelm, en aðrir hafa efast um að það sé rétt.



## Dagatalið 2010, þema “Verslun á Norðfirði”

Það var samþykkt í stjórn Norðfirðingafélagsins að þema dagatalsins fyrir árið 2010 yrði verslun á Norðfirði. Dagatalsnefndin hefur í framhaldi tekið saman nokkuð af myndum, m.a. fengið margar myndir frá Guðmundi Sveinssyni á Norðfirði. Á þessu dagatali verða myndir af mörgum gömlum verslunarhúsum á Norðfirði. Ef félagsmenn eiga góðar myndir sem þeir vilja deila með okkar þá hafið samband við

dagatalsnefndina sem eru Birgir D. Sveinsson sími 8629431, tölvupóstur: birgird@ismennt.is, Birna Hilmarsdóttir sími 8628510, tölvupóstur: bih3@hi.is og Hólmfríður G. Guðjónsdóttir sími 6648235, tölvupóstur: holmfridurugg@internet.is.

Stefnt er að ljúka við dagatalið fyrir menningar kvöld félagsins, 80 ára afmæli Neskaupstaðar sem haldin verðu þann 19. nóvember n.k.



### Tölvupóstföng

Félagsmenn skráið  
tölvupóstföng  
ykkar hjá  
steini@hafro.is



**Tónskáld og dægurlagahöfundar** sem tengjast Norðfirði f.v. Helgi Pálsson frá Tröllanesi á Norðfirði var kaupfélagsstjóri og tónskáld. Hann var faðir Gerðar Helgadóttur sem Gerðasafn í Kópavogi er kennt við. Ingi T. Lárússon var frá Seyðisfirði en bjó lengi á Norðfirði. Þórarinn Jónsson var frá Mjóafirði en fór frá Norðfirði til Reykjavíkur og þaðan til Þýskalands þar sem hann bjó í aldarfjórðung. Svavar Benediktsson, samdi mörg þekkt lög við texta Kristjáns frá Djúpalæk. Svavar Lárússon var einn fyrsti dægurlagasöngvari okkar Íslendinga sem eitthvað kvað að á plötum, Bjarni Tryggvason, Einar Ágúst Víðisson, Guðmundur Rafnkell Gíslason og Hlynur Benediktsson allir frá Norðfirði, hófu sinn feril seint á síðustu öld og eru enn að.

**Miðbæjargangan**

19. september nk.  
Kl. 10.30 fh

Gengið frá Hallgrímskirkju  
Leiðsögumaður:  
Guðjón Friðriksson

Fjölmennum og tókum með  
hressa norðfirska lund.

**Miðbæjarganga**

Gönguferð um miðbæ Reykjavíkur þann 19. september undir leiðsögn Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings. Gengið frá Hallgrímskirkju kl. 10:30 f.h.

**Tónlistarkvöld**

Norðfirðingafélagsins  
á Kringlukuránni, þann  
10. október n.k. og  
hefst kl. 20.00

 **austur glugginn**

**Austfirðingaball**

**SPOT Kópavogi, 18. sept. 2009**

**Magni, Hrafna, Dúkkulísur, Siggi Þorbergs, Tommi Tomm & Rokkabíllýbandið, Hljómsveitin MONO**  
(Hlynur Ben, Bjarni, Þorlákur frá Nesk + 2 aðrir)  
Allar nánari upplýsingar á [www.promo.is](http://www.promo.is)

**Samúðarkort**

Rósa Skarphéðinsdóttir  
selur samúðarkort frá  
Norðfjarðarkirkju

**Sími 477 1415**  
**GSM 860 3556**

**Tölvupóstföng:**

Félagsmenn skráið tölvupóstföng ykkar  
hjá steini@hafro.is



Útgefandi: Norðfirðingafélagið  
www.nordfirdingafelagid.is

**Stjórn:**  
Gísli Gíslason: 8980991  
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir:  
6648235  
Birna Hilmarsdóttir: 8628510  
Þorsteinn Sigurðsson: 8221709  
Gunnar K. Guðmundsson: 8403003  
Jón Karlsson: 8966378  
Birgir D. Sveinsson: 8629431  
Íris Másdóttir: 8673278  
Bjarni Freyr Ágústsson: 8640264  
Hálfdan Steinþórsson: 8608005

**Tónlistarkvöld**

Tónlistarkvöld og pubbakvöld Norðfirðingafélagsins verður haldið á Kringlukuránni þann 10. október og hefst kl. 20.00. Tónlistarkvöldið verður haldið í hliðarsal á Kringlukuránni. Kl. 23.00 verður opnað á milli en á Kringlukuránni verður dansleikur með hljómsveitinni Pops.

**Laugardagskaffi Norðfirðingafélagsins**

Munið fyrsta laugardag í mánuði hittast Norðfirðingar í morgunkaffi á Kaffitári í Kringlunni kl. 9:30 í umsjón Jóns Karlssonar og Hákons Aðalsteinssonar.

**80 ára afmælishátíð Neskaupstaðar 2009**

Það er ákveðið að menningarkvöld Norðfirðingafélagsins 19. nóvember n.k. verður tileinkað 80 ára afmæli Neskaupstaðar. Það er verið að setja saman dagskrá og þeir sem hafa hugmyndir að dagskrárliðum eru hvattir til að hafa samband.